

Innviðaráðuneyti
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík
irn@irn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 22. apríl 2022

Efni: Umsögn um drög að stefnu og aðgerðaráætlun um orkuskipti í flugi

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 73/2022, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að stefnu og aðgerðaráætlun um orkuskipti í flugi.

Í kynningu á drögunum er rakin aðdragandi þessarar vinnu og ágríp af vinnulagi við gerð þeirra, s.s. greint frá því að haldnir voru fundir með helstu hagsmunaaðilum í flugi hér á landi ásamt því að rætt var við erlenda aðila. Þá eru rakin þau verkefni sem starfshópi þeim sem vann drögin var falið að gera og gera tillögur um. Loks kemur fram að í drögunum er leitast við að tengja og sambætta áætlunina við aðrar áætlanir ríkisins í orkuskiptum, nýsköpun og loftslagsmálum auk þess sem horft er til gildandi Flugstefnu Íslands. Árangursmælikvarðar eru síðan ákvarðaðir fyrir hverja aðgerð og ábyrgð á einstökum aðgerðunum skýrð. SI hafa kynnt sér fyrirbyggjandi drög og óska samtökin eftir að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

I. Fagna stefnumörkun um orkuskipti

Fyrir það fyrsta fagna SI að stjórnvöld marki sér stefnu um orkuskipti, hvort sem það er á landi, hafi eða í flugi. Telja SI mikilvægt að slíkri vinnu sé hraðað þannig að hér á landi sé mörkuð skýr stefna um orkuskipti þar sem grein er gerð fyrir tímasettum áföngum í þeirri vegferð og síðast en ekki síst að slík stefna sé fjármögnuð að fullu. Þannig er unnt að setja mælanleg markmið, gefa þau skilaboð að íslenska ríkið hafi fullan vilja og skuldbindi sig hvað varðar einstaka áfanga eða vörður í þeirri vegferð og um leið gefa skýr skilaboð og skapa hvata til þeirra aðila sem starfa við framleiðslu á umhverfisvænu eldsneyti og/eða tengdri þjónustu.

II. Skorti samráð við hagsmunaaðila innan SI

Því næst gera SI athugasemdir hvað varðar samráð við hagsmunaaðila við undirbúning fyrirbyggjandi draga. Í fyrrnefndri tilkynningu inni á samráðsgátt Stjórnarráðsins segir að samráð hafi verið haft við hagsmunaaðila í flugi, jafnt innlenda sem og erlenda, og eru í drögunum tilgreindir þeir aðilar sem þar um ræðir. Segir þar að fundað hafi verið með fulltrúum frá Norsku flugmálastofnuninni, deildarstjóra umhverfiseildar Isavia, framkvæmdastjóra flugrekstrarsviðs Icelandair og loks fulltrúum frá Universal Hydrogen. Telja SI, með fullri virðingu fyrir þekkingu og reynslu þessara aðila, mikilvægt að tryggja að víðtækt samráð sé haft við sem flesta hagsmunaaðila við undirbúning jafn mikilvægs máls sem orkuskipti í samgöngum er, óháð samgöngumáta, og leita þurfi þannig til fleiri hagaðila við slíka vinnu.

Harna SI að ekki hafi í þessu samhengi verið leitað til fagaðila á sviði framleiðslu á umhverfisvænu eldsneyti og tengdri þjónustu. Í því samhengi vekja SI athygli að innan raða samtakanna er starfandi sérstakur starfsgreinahópur á sviði vetnis- og rafeldneytis, þ.e. Vetnis- og rafeldneytisframleiðendur (hér eftir „**VOR**“). Innan þess hóps, þ.e. VOR, er að finna fyrirtæki sem hafa mikla og góða þekkingu á orkuskiptum, þ.m.t. þeim tækifærum sem til staðar eru hvað varðar innlenda framleiðslu á þessum orkugjöfum sem og þeim áskorunum og hindrunum sem standa í vegi fyrir slíkri framleiðslu. Að sama skapi eru mörg aðildarfyrirtæki samtakanna sem sérhæfa sig í innviðum fyrir orkuskipti, s.s. er viðkemur hleðslustöðvum svo dæmi séu tekin. Þessi yfirgripsmikla þekking og reynsla þessara aðila hefur ríka skírskotun til þeirra álitamála sem rakin eru í fyrirbyggjandi drögum og því telja SI mikilvægt, upp á frekari vinnu við drögin sem og eftirfylgni með þeim tillögum sem endanleg skýrsla mun leggja til, að þessi fyrirtæki verði framvegis skilgreind sem hagsmunaaðilar er viðkemur fundum og samráði við slíka aðila sem og nánari útfærslu á aðgerðum.

III. Endurskoða þarf umfjöllun um stöðu orkumála og innviða

Þá telja SI ástæðu til að drepa niður fæti í umfjöllun um orkuöflun í flugi sem samtökin telja, vægt til orða tekið, orka verulega tvímælis í ljósi raunverulegrar stöðu þessara mála í dag. Fyrir það fyrsta benda SI á fullyrðingu sem fram kemur á bls. 16, í kafla 2.2.3, þar sem segir orðrétt eftirfarandi: „Þá er framleiðsla rafmagns eða dreifing þess ekki fyrirstaða“. Þessu er svo fylgt nánar eftir á bls. 21, í kafla 3.1, þar sem segir orðrétt eftirfarandi: „Ísland býr yfir þeirri sérstöðu að hafa greiðan aðgang að ódýrri hreinni raforku og því möguleiki á arðbærri vetnisframleiðslu“.

SI telja ekki ástæðu til að rifja upp þá stöðu sem uppi hefur verið í raforkumálum undanfarið þar sem grípa hefur þurft til skerðinga á raforku vegna skorts á öflun hennar ásamt því að innviðir eru víða úr sér gengnir og á einstökum stöðum allt að 50 ára gamlir sem er vel yfir þeim tímamörkum sem slíkum innviðum er ætlaður. Þannig er raunveruleg staða mála með þeim hætti að orkuöflun er ekki fullnægjandi og um leið ekki unnt að tryggja fullnægjandi afhendingu í gegnum flutnings- og/eða dreifikerfi raforku. Í tölum frá Landsneti kemur m.a. fram að tap í fulllestuðu flutningskerfi sé í dag um 76 MW sem samræmist mati fyrirtækisins að í núverandi kerfi nemi meðaltöp um 3% af raforku sem mötuð er inn á það, m.a. þar sem þörf er á frekari styrkingu í kerfinu.

Vísast hér einnig til niðurstaðna í nýlegri Grænbók um stöðu og áskoranir í orkumálum, sem unnin var fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, þar sem settar eru fram sviðsmyndir um aukna orkuþörf Íslands með vísan til loftslagsmarkmiða og forsendur sviðsmynda fyrir orkuskipti. Eins og þar kemur fram, með skýrum hætti, kallar orkuþörf, m.a. vegna orkuskipta, á aukningu um 124% GWh til ársins 2040 að teknu tilliti til stöðu þessara mála í dag.

Í ljósi þessa telja SI mikilvægt að teknar verði til endurskoðunar framangreindar fullyrðingar um stöðu orkumála og innviða og tryggt verði að slíkar yfirlýsingar séu í fullu samræmi við ástand þessara mála í dag.

IV. Athugasemdir við einstaka tillögur

- Hvað varðar frekari útfærslur á tillögum í fyrirbyggjandi drögum benda SI á að samtökin telja óraunhæft fyrir Ísland að vera leiðandi í orkuskiptum í flugi án þess að koma á niðurgreiðslum á framleiðslu á sjálfbæru eldsneyti (SAF eldsneyti).

Benda samtökin á í því samhengi að víða erlendis hafa fagaðilar talið nauðsynlegt að koma á og viðhalda niðurgreiðslum á framleiðslu SAF eldsneytis til ársins 2050, hið minnsta,

- Benda SI á að í aðgerð 5.2 er mikilvægt að taka einnig tillit til REFueLEU, sem er einnig hluti að „Fit for 55“ aðgerðaráætlun Evrópusambandsins.
- Hvað varðar aðgerð 5.4 benda samtökin á að það eru um 46 flugvellir erlendis sem selja nú þegar SAF eldsneyti og því kann það að vera full seint fyrir íslenska ríkið að skilgreina sig sem tilraunastað fyrir SAF.
- Því næst eru gerðar athugasemdir hvað varðar aðgerð 5.6 og vilja samtökin ítreka mikilvægi þess að Orkusjóður verði stækkaður til muna ef ná skal fram því markmiði að skapa raunverulega hvata til orkuskipta í flugi. Mikilvægt að við nánari útfærslu á þessari aðgerð verði greindur raunkostnaður við tilteknar aðgerðir, s.s. kostnað við að kaupa og setja upp einstaka innviði fyrir orkuskipti.
- Þá telja samtökin mikilvægt að aðgerð 5.12 verði nánar skilgreind sem allra fyrst þó svo tilvísaðar reglur taki gildi árið 2025 og mikilvægt er að sú aðgerð taki einnig til stærri hóps samgangna, s.s. leigubíla. Ítrekast mikilvægi þess að slíkar reglur byggist á skýrum hlutlægum skilyrðum með skýrt skilgreindum notendahópi.

SI gera að öðru leyti ekki athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við innviðaráðuneyti.

Virðingarfyllst,



Lára M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála